

**Mál nr. 381/2016****M og  
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A  
og vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Áræktur á bifreiðaplani við Smiðjuveg 22.6.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 16.11.2016.

Bréf V2, dags. 23.11.2016, ásamt tjónstilkynningu, framburði ökumanns bifreiðar B og niðurstöðu tjónanefndar.

**Málsatvik.**

Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna bifreiðanna A og B kemur fram að bifreið A hafi verið kyrrstæð á bifreiðaplani þegar bifreið B hafi verið ekið út frá bílastæði og þá hafi áræktur orðið. Í gögnum frá eiganda bifreiðar A kemur fram að afferming hafi átt sér stað úr bifreið A, sem sé vöruflutningabifreið, og sökum þrengsla á bifreiðastæðinu hafi verið kveikt á aðvörunarljósum bifreiðarinnar og henni lagt þversum á planinu, auk þess sem lyftari hafi verið notaður til að afferma bifreiðina. Ökumaður bifreiðar B segir í tjónstilkynningu sinni að affermingu hafi verið lokið á bifreið A þegar áræktur varð en hann hafi ekki séð lyftu bifreiðar A þar sem hún hafi verið þvert og í augnhæð ökumannsins.

M telur að það verði að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B, þar sem hann hafi ekið á bifreið A þegar augljóslega hafi farið fram afferming þeirrar bifreiðar og við því hafi verið varað á viðeigandi hátt. V1 tekur undir þau sjónar mið og telur að meta verði þá háttsemi ökumanns bifreiðar B, að aka aftur fyrir vöru lyftu á bifreið A, til gáleysis og hann hefði átt að gæta betur að því sem var fyrir framan hann. V2 telur ökumann bifreiðar A ekki hafa gætt nægilega að þeim fyrirmælum sem komi fram í 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að ferma og afferma skuli ökutæki þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Það hafi ökumaður bifreiðar A ekki gert þegar hann hafi skilið vöru lyftu eftir í opinni stöðu, án þess að merkja hana sérstaklega með veifu eða öðrum hætti.

**Álit.**

Í gögnum málsins kemur fram að áræktur átti sér stað kl. 14.45 þann 22. júní 2016. Verður að ætla að þá sé vel bjart. Auk þess verður að líta til þess að ökumaður bifreiðar B ók framhjá vöruflutningabifreið sem var stillt upp, að því er virðist við þröngar aðstæður á bifreiðastæði, til affermingar. Verður að gera þær kröfur til ökumanna sem aka framhjá slíkum bifreiðum að gæta fyllstu varúðar við aksturinn og að þeir geti búist við að vöru lyfta bifreiðarinnar sé úti. Verður ekki séð að ökumaður bifreiðar B hafi gætt þess nægilega vel og verður hann talinn bera ábyrgð á því gáleysi sínu. Í ljósi fyrrnefndra birtuskilyrða og aðstæðna á vettvangi verður ekki lögð sök á ökumann bifreiðar A vegna staðsetningar hennar eða frágangs.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar B ber á ábyrgð á árækstri við bifreið A.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.